



Orkufjarskipti hf.
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík

Hornafirði, 11. nóvember 2020
nr. erindis 202008106

Málefni: Framkvæmdaleyfi fyrir ljósleiðara um Lónsheiði

Nafn framkvæmdaraðila: Orkufjarskipti hf

Staðsetning framkvæmdar: Lónsheiði

Umfang framkvæmdar: Lagning ljósleiðarastrengs frá tengistað við Stekkjartún í Álfafirði að tengistað í Lónsfirði við Þjóðveg 1. Lögnin mun liggja að mestum hluta með ljósleiðarastreng Mílu yfir heiðina. Strengurinn verður að mestum hluta plægður beint í jörðu, þó verður grafið og fleygað fyrir lögninni að hluta. Þrír tengibrunnar verða á strengleiðinni sem gengið verður frá á þann hátt að þeir falli sem best inn í það umhverfi sem þeir eru í. Plægingin verður framkvæmd með jarðýtu á flotbeltum og beltagrafa fer á eftir og lokar plögfarnu.

Samantekt yfir lýsingu og frágangi framkvæmdar: Við leiðarval var tekið mið af landslagi og forðast eftir megni að fara um viðkvæm svæði. Öll ummerki framkvæmdarinnar á yfirborði verða lagfærð, sáð verður í þau jarðvegssjár sem verða í grónu landi og einnig verður lögð rík áhersla á vandaðan frágang þar sem strenglögnin þverar ár og læki. Ummerki munu hverfa að mestu á einu sumri í grónu landi, en á melum geta þau verið lengur að jafna sig. Lagnaleiðin verður merkt með merkihælum.

Dagsetning samþykktar leyfisveitenda á framkvæmdaleyfi var 10. september 2020 og rennur framkvæmdaleyfið út þann 10. september 2021 sé framkvæmd ekki hafin.

Eftirlitsaðili framkvæmdar: Umhverfis- og skipulagsstjóri Hornafjarðar fer með eftirlit fyrir hönd sveitarfélagsins Hornafjarðar en er heimilt að ráða til þess sérstakan eftirlitsaðila.

Skilyrði framkvæmdar:

- Að framkvæmd sé í samráði við landeigendur og viðhöfð sé góð umgengni um framkvæmdasvæðið
- Leitast verði við að takmarka framkvæmdasvæði, umferð véla og rask eins og kostur er
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði upplýstur þegar framkvæmdir hefjast
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði boðaður á framkvæmdasvæði við lok framkvæmda
- Að samráð sé haft við leyfisveitanda ef nokkrar breytingar verið á framkvæmdinni.
- Við sáningu í sár við frágang verði notuð fræ í samræmi við staðargróður

- Verktökum verði gerð grein fyrir staðsetningu fornleifa skv. umsögn Minjastofnunar (Gata 15/39:1 og Landamerki 14:1)
- Farið verði að skilmálum Vegagerðarinnar um samráð
- Farið verði að skilmálum Fiskistofu þar sem sérstaklega þarf að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki við ár:
 1. Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu
 2. Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll
 3. Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er
 4. Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki

Framkvæmd þessi skal vera í samræmi við:

- Framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðara um Lónsheiði
- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
- Framlögð gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar:
 1. E28-Ósk um framkvæmdaleyfi – 101, dags. 26.8.2020.
 2. Gögn með umsókn um framkvæmdaleyfi, dags
 3. Lónsheiði framkvæmdasvæði innan sveitarfélagamarka Hornafjarðar, dags.
 4. Lónsheiði yfirlitsmynd, dags.


Framkvæmdaleyfi er gefið út með fyrirvara um að upplýsingar berist um þá hluti sem sem tilgreindir eru hér að ofan.

Vakin er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.

Einnig er vakin athygli á að framkvæmdaleyfi er kæránlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til 11. desember nk. Ef framkvæmd hefst áður en frestur er útrunninn gerir framkvæmdaaðili það á eigin ábyrgð.

Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er 90.000 kr.


Virðingarfyllt


Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar





Handwritten signature in blue ink.



132